

A f s a l s b r é f  
-----

Ég undirritaður Víglundur Kristjánsson fornsali  
Landsvæðisgötu 45 í Reykjavík geri með bréfi þessu kunnugt, að  
ég sel hér með og afsala til Ólafs Bjarnasonar Brimilsvöllum  
í Fróðárhreppi eftirtöldum hluta úr eignarjörð ~~minni~~ Brimils-  
völlum í Fróðárhreppi: Öllum hjáleig~~ingum~~unum fyrir neðan  
svonefndan Stokkalæk, ásamt eftirgreindum úthaga, ræður lækur  
þessi merkjum frá sjó útað brú, sem er á honum ofanvert við  
það, sem áður stóð bærinn Lækjarmót, og þaðan sjónhending í  
Stóruvörðu í Vallnaholti, þaðan sjónhending í svonefnda Stöng  
innst í Vallnabjargi, með öðrum orðum allt það, er ég áður  
hefi keypt af Ólafi Bjarnasyni, með öllum mannvirkjum og með  
öllu, er eign þessari fylgir til lands og sjávar að engu udan-  
skildu.

Kaupverðið er kr. 11.000,00-ellefu þúsund krónur-, og  
er það að fullu greitt við undirskrift afsalsbréfs þessa, og  
er undirskrift mín hér undir jafnframt kvittun fyrir þeirri  
greiðslu.

Eignin er seld í því ástandi, sem hún nú er í og  
kaupanda er kunnugt um og settir sig við.

Á hinni seldu eign hvíla engin veðbönd eða kvaðir.

Ef Fróðarhreppur vill njóta forkaupsréttar síns  
á eigninni fyrir 1. janúar n.k., verða kaup þessi að ganga  
til baka.

Kaupandi heldur kaup sínu til laga, en seljandi  
svarar til lagariftinga.

Til staðfestu undirritum við nöfn okkar í viðurvist  
tveggja votta.

Reykjavík, 27. nóvember 1944

*Víglundur Kristjánsson*

Vitundarvottar:

*Guðmar Jónsson*  
*Engelbjörg Líndísdóttir*

*Vottar*